

L Ö G

82

7. maí

um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

3. málsg. 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til váttryggingar allt að 250 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.), en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en skip, sem er yfir 150 smál. brúttó að stærð, er tekið í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við samábyrgðina.

2. gr.

a. 3. málsg. 31. gr. laganna orðist svo:

Váttryggingarfélag hefir lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og eins árs váttryggingariðgjaldi.

b. Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Nú leikur vafi á, hvaða váttryggingarfélagi ber að váttryggja skip, og sker þá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum úr þeim ágreiningi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

83

7. maí

um friðun arnar og vals.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Ernir og valir skulu alfriðaðir á Íslandi til ársloka 1950, svo og egg þeirra.

2. gr.

Nú verpir örn eða valur í nánd við friðlýst varpland, eða eyða mjög æðarvarpi, og er þá ráðherra heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., að láta gera nauðsynlegar ráðstafanir til að verjast tjóni af völdum þeirra.

- 83 3. gr.
7. maí Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr. Brot gegn lögum þess-
um skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.
Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

84
7. maí

L Ö G

um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.
Ríkisstjórninni er heimilt að veita íþróttanefnd leyfi til að reka veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakappleiki til ágóða fyrir íþróttasjóð. Nánari ákvæði um starfsemi þessa setur ríkisstjórnin, ef til kemur, með reglugerð.

2. gr.
Nú hefir íþróttanefnd fengið heimild til að reka veðmálastarfsemi samkv. 1. gr., og skal þá öllum öðrum óheimilt að reka slíka starfsemi, að viðlögðum sektum, er nema 500—3000 kr. og renna í íþróttasjóð.

3. gr.
Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

4. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.
Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.